

12. júlí 1974.

481

Nr. 220.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 59 18. mars 1974, um happdrættislán ríkissjóðs 1974,
Skuldabréf D, vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi,
er opni hringveg um landið.

1. gr.

6. gr. 6. mgr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nota skal tölvu Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands við útdrátt vinninga. Skal útdráttur fara fram eftir reglum, sem fjármálaráðherra setti um útdrátt vinninga í B-flokki happdrættisláns ríkissjóðs 1973, nr. 164 frá 1. júní 1973, þó þannig, að forrit skv. b-lið 2. gr. þeirrar reglugerðar skal vera svo úr garði gert, að allir hlutar þess séu lesnir af gataspjöldum, en minniseiningar mega vera utan kjarnaminnis.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. gr. laga nr. 7 frá 13. mars 1974 um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands, sbr. LXVI. lið 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1974.

Fjármálaráðuneytið, 12. júlí 1974.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.